

**Ed.**

## **426. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ofangreint ákvæði um frádrátt á tillagi í varasjóð gildir einnig um útgerðarfyrirtæki íslenzkra línuveiðaskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

### **2. gr.**

Við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður:

d. Að engum föstum starfsmanni, sem vinnur hjá fyrirtækjunum í landi, séu greidd hærri árslaun en 10 þús. kr., eða sem því svarar fyrir hluta úr ári, þar með talin hverskonar þóknun og hlunnindi, sem starfsmanni eru veitt.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **4. gr.**

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni:

Lög um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.